

188. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 20. september 2022 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Ragnheiður Helgadóttir varamaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála kemur inn á fundinn undir þessum lið og kynnr stöðuna í málaflokknum og fjárhagsáætlunarvinnuna framundan.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Kristjönu Helgu Ólafsdóttur deildarstjóra fjármála fyrir greinargóða kynningu á vinnu við fjárhagsáætlun og stöðu málaflokksins.

2. 2209151 - Húsnæðismál uppbygging 2022

Kynning og umræða um stöðuna á félagslegu leiguhúsnæði hjá Akraneskaupstað.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Hrefnu Rún Ákadóttur félagsmálastjóra fyrir kynningu á stöðunni á félagslegu leiguhúsnæði hjá Akraneskaupstað.

3. 2209187 - Jafnréttisáætlun

Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar. Umræða um endurskoðun á Jafnréttis og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar sem á að liggja fyrir einu ári eftir kosningar.

Núverandi Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun kynnt. Umræður um endurskoðun á áætluninni og skipun í starfshóp. Málinu vísað til bæjarráðs til úrvinnslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.